



Greinargerð með frekari breytingatillögum á bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar - síðari umræða

8. gr. Fundir bæjarstjórnar

Við undirbúning málsins kom fram beiðni um að færa fundi bæjarstjórnar til, á þann hátt að fundir hæfust kl. 16.00, í stað þess að hefjast kl. 17.00, meðal annars í ljósi þess að hjá ríki og sveitarfélögum hefur vinnuvikan verið stytta, og hjá Ísafjarðarbæ um 48 mínútur á dag. Lagt er upp með að meiri samfella yrði í vinnudegi bæjarfulltrúa að mæta til bæjarstjórnarfundar kl. 16.00 í stað kl. 17.00.

Á 1141. fundi bæjarráðs 15. febrúar 2021 var lögð til breyting þess efnis að almennt myndu bæjarstjórnarfundir hefjast kl. 16. Bæjarráð samþykkti ekki breytinguna og var hún því yfirstríkuð þegar gögn málsins voru lögð fyrir fund bæjarstjórnar.

Á 471. fundi bæjarstjórnar 18. febrúar 2021 var tillaga um breytingu til umfjöllunar, og horft til þess að bæjarstjórn gæti breytt fundartíma sínum, ef samþykki allra lægi fyrir. Á ákvæðið við hvort sem bæjarstjórn ákveður að breyta fundartíma sínum í eitt skipti eða fleiri.

Lögð er því til eftirfarandi breyting á 1. mgr. 8. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar, en rauðlitaður texti er viðbót við ákvæðið:

„Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og skulu ekki standa lengur en þrjár klukkustundir. **Bæjarstjórn er heimilt að breyta fundartíma sínum, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust.**“

Að öðru leyti eru ekki gerðar breytingar á samþykktum sem lagðar voru fram til fyrri umræðu á 471. fundi bæjarstjórnar þann 18. febrúar 2021, en um er að ræða breyting á 16. og 36. gr., auk þess sem ný grein, 37. gr. bætist við, og síðari ákvæði fá nýtt númer í samræmi við það.

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

...